

Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar
Ingibjörg Emilsdóttir
Höfðagata 3
510 Hólmavík



Reykjavík 16. mars 2017
UST201702-041/K.S.J.
10.04.01

Efni: Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, greiningarskýrsla


Vísað er til erindis svæðisskipulagsnefndar er barst 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um greiningarskýrslu svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.


Umhverfismat, matslýsing

Á lista yfir stefnuskjöl á landsvísu er fjallað um náttúruminjaskrá og þar segir að um friðlýst svæði gildi reglur sem auglýstar hafa verið í Stjórnartíðindum. Umhverfisstofnun bendir á að hjá stofnuninni er unnið að stjórnunar- og verndaráætlunum friðlýstra svæða. Stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir friðlýst svæði eru stjórnæki þar sem lögð er fram stefna um verndun svæðanna, hvernig viðhalda skuli verndargildi þeirra og hver framtíðarsýn fyrir svæðið er

Umhverfisstofnun tekur að öðru leyti undir lýsingu um hvernig staðið verður að umhverfismati í væntanlegri tillögu að svæðisskipulagi, og þeirri stefnu er fram kemur í matslýsingu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur